

Velferðarnefnd  
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum (atkvæðagreiðslur). 151. löggjafarþing 2020-2021, 83. mál.**

Í frumvarpinu er lagt til að í atkvæðagreiðslum um gildi kjarasamninga, boðun verkfalla og miðlunartillögur á grundvelli laga 80/1938 séu auð atkvæði ógild og teljist því ekki til heildarfjölda greiddra atkvæða.

Í dómi Félagsdóms í máli 6/2020 var það niðurstaða dómsins að aðstöðu opinberra starfsmanna, hvað atkvæðagreiðslu um kjarasamninga sem heyra undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna varðaði, yrði öldungis jafnað til þeirra tilvika sem fjallað er um í ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Mat Félagsdómur það svo að þau sjónarmið sem liggja til grundvallar ákvæðum laga 80/1938 eigi jafnt við um atkvæðagreiðslu um kjarasamninga opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Því yrði ákvæðum laga 80/1938 beitt með lögjöfnun um atkvæðagreiðslu um gildandi kjarasamninga opinberra starfsmanna. Var niðurstaða dómsins því sú að auð atkvæði í atkvæðagreiðslu um kjarasamning er heyrir undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna jafngiltu því að samþykkja samninginn.

BHM gagnrýndi niðurstöðu Félagsdóms í þessu máli og benti á að niðurstaðan var lítið og illa rökstudd. Jafnframt var bent á að næstum engin afstaða var tekin til margvíslegra lagaraka Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) í málinu. Það breytir því ekki að dómurinn stendur og í

Ijósi hans myndi sú breyting sem lögð er til hér gilda í atkvæðagreiðslum byggðum á ákvæðum laga 94/1938 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og því gilda um meirihluta atkvæðagreiðslna aðildarfélaga BHM.

**BHM styður tillöguna. Telur BHM engin rök standa til þess að félagsmaður sem skilar auðum atkvæðaseðli, og tekur þannig ekki afstöðu með eða á móti, sé með því afstöðuleysi að samþykkja kjarasamning eða hafna verkfallsboðun. Að mati BHM og aðildarfélaga er með þessari breytingu um að ræða eðlilegri og réttari nálgun á atkvæðagreiðslur en þá sem nú er við lýði.**

Fyrir hönd BHM,



Andri Valur Ívarsson,  
lögmaður BHM